

# **Sjálfsmatsskýrsla**

**Fjölbrautaskólinn í Breiðholti og starfsemi hans**

**Skólaárið 2017-2018**



## **Almenn stefna FB og markmið**

Sýn Fjölbrautaskólans í Breiðholti er að efla einstaklinga til þess að skapa framtíðina og með þá sýn að leiðarljósi eru gildi FB virðing, fjölbreytni og sköpunarkraftur. Meginhlutverk FB er að mennta nemendur til lokaprófs af bók-, list- og verknámsbrautum framhaldsskóla. Deildir og svið skólans setja sér markmið til þriggja ára með hliðsjón af sýn, hlutverki og stefnumiðum skólans. Markmiðin á að endurskoða árlega.

Til þess að vinna að gildum og markmiðum skólans hefur FB eftirfarandi stefnumið að leiðarljósi:

- Sérhver nemandi á að ná árangri í námi sínu.
- Við hlúum að athafnagleði, samvinnu og ábyrgum lífsmáta nemenda og starfsfólks.
- Við vinnum af heilindum, með fagmennsku, gagnsæi og ráðdeild að leiðarljósi.
- Við ræktum tengsl við samfélagið, héraendis og á heimsvísu.

## **Starfsfólk FB**

Við Fjölbrautaskólann í Breiðholti starfa 120 manns. Í kennslu og kennslutengdum störfum (námsráðgjöf, námsaðstoð, bókasafnsfræði) eru 99 starfsmenn, en 17 starfsmenn sinna öðrum störfum í skólanum (skrifstofa, bókhald, kerfisstjórnun, matreiðsla, þrif, ganga- og húsvarsla. Yfirstjórn skólans annast skólameistari, aðstoðarskólameistari, fjármálastjóri og áfangastjóri. Kynjahlutfallið í yfirstjórn eru 3 konur og 1 karl. Sviðsstjórar eru fjórir, allt konur. Fagstjórar eru 5 talsins, þrjár konur og tveir karlar. Að auki eru sérstakir verkefnastjórar sem sinna ákveðnum verkefnum (gæðastjóri, heilsuefling, kynningarstjóri, kvöldskóli, sumarskóli, framhaldsskólabraut, forvarnarfulltrúar og félagsmálafulltrúar). Fimm manna gæðaráð er starfrækt og í því sitja ásamt gæðastjóra og ritara, skólameistari, aðstoðarskólameistar og 1 fulltrúi kennara.

Allar ráðningar millistjórnenda og verkefnastjóra gilda í tvö ár í senn og voru störfin auglýst á vorönn 2018.

## **Innra mat skólans**

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti hefur á undanförunum árum skoðað ýmsar leiðir í mati á skólastarfi. Markmið og stefnumið skólans eru sjálfsmatinu til grundvallar og stöðugir þættir í matinu eru kannanir og umræða um þróun árangursmælikvarða. Á fundum gæðaráðs hefur m.a. verið rætt um leiðir til að auka aðkomu starfsfólks enn frekar að

sjálfsmatinu og þ.a.l. mótun stofnunarinnar, en af því hefur ekki enn orðið. Í fyrsta lagi er sjálfsmatið byggt á almennri viðhorfskönnun nemenda til skólans, í öðru lagi á kennslumati allra áfanga skólans og í þriðja lagi á niðurstöðum könnunar á notkun grunnþátta menntunar í kennslu sem lögð var fyrir kennara. Rýnt var í niðurstöður skólafunda sem og í ýmsa tölfræði úr skólastarfinu.

Umsjón með innra mati FB er í höndum yfirstjórnar skólans og gæðaráðs. Gæðaráð fundaði vikulega bæði á haustönn og vorönn. Á þeim fundum var unnið að stefnumótun í gæðamálum og farið yfir helstu atriði í skólastarfinu hverju sinni.

Á haustönn fólst meginvinna gæðastjórnar í að bregðast við og vinna að umbótaáætlun sem gerð var í kjölfar ytra mats skólans, skilgreina hvað þyrfti að gera og hvernig skyldi staðið að því. Á vorönn var þeirri vinnu síðan fylgt eftir og skýrslu skilað til menntamálaráðuneytis þar að lútandi. Þá var rýnt í árangursmælikvarða og spurningar sem lagðar eru fyrir í kennslukönnun gerðar markvissari og þeim fækkað. Kennslukönnun var framkvæmd á bæði haustönn og vorönn og kennarar fengu niðurstöður sínar að lokinni prófsýningu. Niðurstöðum þeirrar könnunar var síðan fylgt eftir með starfsmannaviðtölum skólameistara og aðstoðarskólameistara við kennara þar sem m.a. var farið yfir niðurstöður kennslumatsins. Gæðaráð lagði áherslu á að bæta svarhlutfall í kennslukönnun sem hefur ekki verið nógu hátt síðustu annir. Farið var í markvissar kynningar á því og var svarhlutfall mun betra á þessu skólaári en áður. Á vorönn vann gæðaráð einnig að því að hrinda í framkvæmd viðhorfakönnun sem lögð var fyrir nemendur og komið verður betur að síðar í þessari skýrslu. Á haustönn var einnig lögð fyrir könnun fyrir foreldra nýnema, en svörun var of lítil. Þá var lögð könnun fyrir kennara á því hversu mikið þeir hafa grunnildi menntunar til hliðsjónar við kennslu sína.

## **Viðhorfakönnun meðal nemenda**


Nemendur hafa ætíð verið partur af umbóta og stefnumótunarstarfi skólans. Nemendur eiga tvo fulltrúa í skólaráði og fulltrúa í skólanefnd. Þá eru kennslukannanir og skólafundir mikilvægur þáttur í aðkomu nemenda að umbótastarfi skólans. Viðhorfakönnun til ýmissa þátta er varða skólastarfið gefur síðan enn betri innsýn inn í afstöðu nemenda til FB.

Á vorönn var framkvæmd könnun á aðstæðum og viðhorfum nemenda í FB til skólans og starfsemi hans. Könnunin var lögð fyrir í gegnum INNU og var svarhlutfall 42,4%. Svarhlutfall hefur verið stigvaxandi síðustu árin, en það var 28% árið 2014 og 34,5% árið 2016. Svör við einstökum spurningum eru keimlík á milli ára, þannig að segja má að niðurstöðurnar séu að nokkru leyti staðfestar. Helstu niðurstöður viðhorfakönnunarinnar eru eftirfarandi:

- Um 70% nemenda segist vinna með námi, þar af vinnur um fjórðungur á bilinu 25-50% starf. Atvinnuþátttaka nemenda óx umtalsvert á þessu skólaári skv. svörunum.
- Um 25% nemenda telur sig ekki hafa nægilega peninga til að kaupa skólabækur.
- Nemendur segjast gæta þess að hreyfa sig reglulega (yfir 50%) og borða hollan mat (tæplega 60%). Minna en helmingur svarenda (48%) segist þó fá nægan svefn á hverri nóttu. Um 65% svarenda vill mæta í skólann kl. 9 eða síðar að morgni.
- Nemendur telja sig bera sjálfa ábyrgð á því að nám þeirra beri árangur (um 90%), en um 30% svarenda telur sig þurfa meiri hjálp við námið en þeir fá núna. Svipað hlutfall telur sig ekki eiga auðvelt með að skipuleggja nám sitt þannig að tíminn nýtist vel, en þó telja tælega 50% sig eiga auðvelt með að setja sér markmið í lífinu. Um 65% nemenda læra heima á bilinu 0-60 mínútur á dag, um 17% læra lengur en 2 klst. daglega.
- Nemendur virðast hafa tiltrú á náminu í skólanum. Þannig segja yfir 50% að námskröfur séu miklar og mjög fáir eru því ósammála. Nemendur telja að námið á þeirra braut veiti þeim góða menntun (78%), sé vel skipulagt (60%) og að það sem þeir læri í einni námsgrein nýtist í öðrum greinum (yfir 60%).
- Spurningar um líðan nemenda í skólanum fá nokkuð jákvæða svörun. Þannig segja 78% svarenda að kennarar sýni þeim virðingu og hið sama gildi um samnemendur (75%). 66% nemenda líður vel í kennslustundum og 75% líður vel í frímínútum. 42% segjast yfirleitt fá hrós ef þeir geri eitthvað vel. Um 40% segja að námið hafi aukið þeim sjálfstraust (14% eru ósammála og 40% óviss).
- Um 46% nemenda segja að þeim finnist hlustað á sjónarmið sín í skólanum, sem er óbreytt hlutfall frá fyrri árum.
- Um 70% nemenda segja að þeir geti fengið ráðgjöf og stuðning í skólanum er þeir þurfi á því að halda.

- Um 15% nemenda segjast taka þátt í félagslífinu í skólanum. Um 19% svarenda þykir félagslífið í skólanum áhugavert, en um þetta eru fleiri ósammála, eða um 38% svarenda.
- Spurningunni um það hvort gaman sé í FB svara 70% játandi.
- 25,5% svarenda sem segjast hafa hugsað um að hætta í skólanum og gefa upp ástæður sem eru tilgreindar í töflu 1. Þar af er skólaleiði algengastur.

**Tafla 1. Ég hef hugleitt að hætta í skólanum – ástæður.**



## Kennslumat

Kennslukönnun var lögð fyrir í öllum áföngum á haust- og vorönn. Spurningarnar eru 4 talsins, 3 lokaðar og 1 opin spurning:

- Kennarinn sýnir mér og öðrum virðingu
- Kennarinn hjálpar mér að ná árangri í náminu
- Mér finnst kennslan gagnleg
- Ábendingar mínar til kennarans (opin spurning)

Eftirfarandi mælikvarði var notaður í lokuðu spurningunum: *Mjög sammála – frekar sammála – hvorki sammála né ósammála – frekar ósammála – mjög ósammála.*


Stigagjöfin var á kvarðanum 1-5 fyrir hverja spurningu.

Alls var könnunin lögð fyrir 444 hópa á haustönn og 503 á vorönn. Í úrtaki á haustönn voru 6.757 nemendur og 3.603 svöruðu, eða 53%. Á vorönn voru 5.923 í úrtakinu og 2880 svöruðu, eða 48,6%. **Tafla 2** sýnir niðurstöðurnar, raðað eftir námsgreinum:

<b>Niðurstöður kennslumats 2017-18 (kvarði: 1-5)</b>					
	<b>Haustönn 2017</b>		<b>Vorönn 2018</b>		<b>Meðaleink.</b>
<b>Námsgreinar</b>	<b>Fjöldi einkunna</b>	<b>Meðaleinkunn</b>	<b>Fjöldi einkunna</b>	<b>Meðaleinkunn</b>	<b>Haust/Vor</b>
<b>Bóknám:</b>					
Stærðfræði	812	3,92	718	4,22	4,06
Enska	871	4,03	694	4,16	4,09
Íþróttir	1106	4,20	845	4,49	4,32
Félagsgreinar	959	4,30	772	4,41	4,35
Erlend tungumál	829	4,14	598	4,32	4,22
Raugreinar	701	4,12	697	3,97	4,05
Tölvugreinar	516	4,27	402	4,45	4,35
<b>Listnám:</b>					
Listgreinar	1122	4,30	1010	4,33	4,32
<b>Verknám:</b>					
Húsasmíði	562	4,37	397	4,47	4,41
Rafiðngreinar	574	3,80	437	4,15	3,95
Sjúkraliðanám	641	4,49	513	4,55	4,52
Snyrtifræði	620	4,44	503	4,45	4,44
<b>Sérdeildarnám:</b>					
Starfsbraut	299	4,19	358	4,76	4,50
<b>Annað nám:</b>					
Umsjón	344	3,91	264	3,92	3,91
Kynningaráfangi	96	3,01	57	4,19	3,45
HAM	90	4,61	66	4,26	4,46
Félagsstörf	78	4,35	66	4,35	4,35
Erlent samstarf			72	4,78	4,78
Samfélagsþjónust	39	4,59	66	4,62	4,61
<b>Samtals/meðaltal</b>	<b>11209</b>	<b>4,17</b>	<b>7547</b>	<b>4,32</b>	<b>4,23</b>

Niðurstöður kennslumatsins voru ræddar við sérhvern kennara í lok haust- og vorannar.

Áhugavert er að sjá heildarniðurstöður eftir greinasviðum og greinaflokkum. Í síðasta flokknum, annað nám má finna ýmiss konar viðbótarþjónustu utan hins hefðbundna skólastarfs:



## Könnun á notkun grunnþátta menntunar í kennslu

Grunnþættir menntunar eru skv. Aðalnámskrá framhaldsskóla; lýðræði og mannréttindi, heilbrigði og velferð, sjálfbærni, læsi, sköpun og jafnrétti. Hugmyndirnar að baki grunnþáttunum eiga að endurspeglast í starfsháttum skólans og skólabrag. Þá skulu þeir vera sýnilegir og m.a. koma fram í inntaki og áherslum námsgreina. Gæðaráð ákvað því á vorönn að kanna notkun grunnþáttanna í kennslu – fyrst og fremst með það að markmiði að kennarar myndu rýna í eigin námsgreinar til gagns út frá þessum þáttum. Á vorönn var því lögð fyrir könnun á því hvernig og hversu mikið kennarar nota grunnþættina sex í kennslu og voru svarmöguleikarnir: mjög oft, oft, sjaldan og aldrei. Könnunin var lögð fyrir í gegnum INNU. Svörun hefði getað verið betri en hún var 33%. Samkvæmt niðurstöðum virðst vera sem kennarar telji sig flestir vinna með gagnrýna hugsun, læsi, sköpun og jafnrétti svo og lýðræði og mannréttindi. Aðeins færri töldu sig sinna heilbrigði og velferð. Um 42% svarenda sögðust sjaldan fjalla um sjálfbærni í kennslu sinni.

## Skólafundur: leið til valdeflingar

Eins og fram kemur í Aðalnámskrá framhaldsskólanna ber að halda skólafund a.m.k. einu sinni á skólaári. Í FB hefur myndast sú hefð að skólafundur er haldinn tvisvar á skólaári, eða einu sinni á önn. Á hverjum skólafundum fá nemendur til umfjöllunar ákveðið þema til að greina og vinna eftir. Viðfangsefni skólafundanna er ákveðið í skólaráði sem er samráðsvettvangur skólastjórnenda, nemenda og kennara. Oftar en ekki hafa breytingar í

skólastarfinu orðið að veruleika í kjölfar skólafundanna. Þetta er því mikilvægur vettvangur til valdeflingar bæði nemenda og starfsfólks.

## **Haust 2017**

Á haustönn var farið þá leið að vinna með grunnildi FB; virðingu, fjölbreytni og sköpunarkraft. Ákveðið var að starfsfólk skólans tæki líka þátt í þeirri umræðu sem fram fór. Fundurinn var haldinn þann 1. nóvember og var farin nýstárleg leið að þessu sinni þar sem allir nemendur skólans og starfsmenn fengu netslóð þar sem þeir gátu svarað með rafrænum hætti, ýmist einir eða í hóp. Nemendum og starfsfólki var skipt í umræðuhópa og lagt upp með eftirfarandi umræðupunkta.

*Virðing: Er nemendum og starfsfólki sýnd virðing í daglegu starfi? Í hverju felst sú virðing og er hægt að auka hana?*

*Fjölbreytni: Í hverju felst fjölbreytni skólans? Er námið nægilega fjölbreytt? Mætti nýta hin ýmsu rými skólans og nágrennis til að auka fjölbreytnina?*

*Sköpunarkraftur: Hvað færi hægt að gera til að ýta enn frekar undir sköpunarkraftinn hjá okkur?*

Margt áhugavert kom fram í niðurstöðum þessa skólafundar og það var ekki síst áhugavert að fá svör frá skólasamfélaginu í heild sinni, þ.e. frá nemendum, kennurum og starfsfólki.

Í fundargerð skólaráðs 4.12.2017 segir um niðurstöður skólafundar: „Samkvæmt skólafundi óska nemendur eftir meiri aðgangi að World Class. Það verður skoðað og talað við stjórnendur líkamsræktarstöðvarinnar. Einnig óska nemendur eftir að komast í matreiðslu, halda áfram með tónlistaráfangann og fá framhaldsáfanganna og einnig að fá kennslu í fjármálalæsi. Fundarmenn voru sammála um að gaman væri að verða við óskum nemenda. Hugað verður að þessu fyrir næstu önn og reynt að bregðast við eins og hægt er.“ Skemmst er frá því að segja að allar ofangreindar óskir nemenda hafa verið uppfylltar, samingur við World Class tók gildi í upphafi vorannar 2018, tónlist er kennd áfram, bæði grunn- og framhaldsáfangi í samstarfi við Tónskóla Sigursveins, valáfangi í matreiðslu er í boði frá hausti 2018 og kennsla í fjármálalæsi fór af stað sem tilraunaverkefni á vorönn 2018 og sem fastur áfangi frá hausti 2018.



## Vor 2018

Á vorönn var viðfangsefni skólafundar unnið undir þema heilsueflingar. Fundurinn var haldinn þann 14. mars og var megináhersla á líðan í skólanum og hvað væri hægt að gera til að stuðla að því að nemendum líði vel í skólanum. Þá var, fyrir tilstilli nemendaráðs FB, skoðað hvort nemendur hefðu áhuga á skipulögðu klúbbastarfi innan veggja skólans og þá hvernig klúbbum nemendur hefðu helst áhuga á að taka þátt í. Spurningarnar sem lagðar voru fyrir voru eftirfarandi:

*Hvað er hægt að gera til þess að nemendum líði vel í skólanum og séu hamingjusamir?*

*Hvernig er hægt að stuðla að auknu heilbrigði nemenda?*

*Hvers konar klúbbastarfi tengt áhugasviði hefðir þú áhuga á að taka þátt í?*


Niðurstöður benda til þess að mikilvægt er að hlúa að nemendum og að það er ekki síður mikilvægt að efla geðrækt undir hatti heilsueflingar, ekki síst í ljósi þess að kannanir (m.a. Rannsókn&Greining, 2016) benda til þess að andlegri líðan ungmenna hefur hrakað og að andleg vanlíðan er ein ástæða þess að nemendur hætta námi þegar leitað er skýringa á brotthvarfi úr námi. Stefnt er að því í samráði við verkefnastjóra Heilsueflingar FB að vinna nánar úr niðurstöðum skólafundarins.

Í fundargerð skólaráðs 16.04.2018 er sagt um skólafundinn: „Nemendur fóru aðeins yfir hvað þeim fannst helst standa upp úr niðurstöðum skólafundar. Þau töldu mikilvægt að bæta aðbúnað nemenda í kennslustofum, þar sem sum borð og stólar eru alltof lítil og úr sé gengin. Þeim fannst sjálfsagt að verða við ósk nemenda um að setja sjálfsala út í Smiðju ... Eitthvað var um að nemendur töldu kennara ekki sýna sér skilning og virðingu og þeim fannst þurfa að taka á því. Þeim var sagt frá því að í þau skipti sem kvartað væri yfir kennara, þá væri talað við viðkomandi kennara. Einnig fannst þeim góð hugmyndin um að hefja skólann kannski á morgunsöng t.d. á föstudögum, þegar enginn hafragrautur er. Þá væri hægt að bjóða upp á ávexti og syngja. Einnig fannst þeim áhugaverð hugmyndin um gróðurhús út í port og fleiri plöntur á skólalóðina.“

Í skólaráði var á vorönn 2018 (á fundi 12.03.) einnig rætt um mikilvægi þess að hrista nemendur saman í upphafi annar. Kom upp sú hugmynd að kennarar fengju það verkefni

að nýta fyrsta skóladag annarinnar í hópefli með nemendum og að byrjað yrði á þessu verkefni í upphafi haustannar 2018.

Þó svo að skólafundir hafi verið haldnir um árabíl og að skólaráð fundi með stjórnendum í hverri viku svara nemendur í viðhorfskönnuninni spurningunni hvort hlustað sé á sjónarmið þeirra eins ár eftir ár. Er rétt að huga að valdeflingu í kennslustundum?



## Árangur nemenda

Sóttar voru upplýsingar um námsgengi nemenda í Innu. Þar kemur í ljós að um 705 nemenda ljúka áföngum sínum og standast próf. Um 10% hættu í áföngum sínum og um 20% að meðaltali féllu. Þannig tókst að meðaltali 30% nemenda ekki að ljúka námi í þeim áföngum sem þeir voru skráðir í, sbr. upplýsingar í **töflu 3** hér fyrir neðan:

<b>Námsárangur nemenda skólaárið 2017-18</b>					
<b>2017 haust</b>			<b>2018 vor</b>		<b>Meðaltal</b>
<b>Einkunnir H 17</b>	<b>Fjöldi</b>	<b>Hlutfall</b>	<b>Fjöldi</b>	<b>Hlutfall</b>	
<b>D</b>	6	0%	0	0	0
<b>F</b>	139	2%	147	2%	2%
<b>H</b>	456	6%	573	9%	8%
<b>M</b>	46	1%	7	0%	1%
<b>S</b>	486	7%	611	9%	8%
<b>Z</b>	21	0%	16	0%	0%
<b>0</b>	482	7%	355	5%	6%
<b>1</b>	294	4%	208	3%	4%
<b>2</b>	223	3%	195	3%	3%
<b>3</b>	258	3%	246	4%	3%
<b>4</b>	279	4%	238	4%	4%
<b>5</b>	425	6%	448	7%	7%
<b>6</b>	787	11%	699	10%	11%
<b>7</b>	1073	14%	962	14%	14%
<b>8</b>	1206	16%	1020	15%	16%
<b>9</b>	1005	14%	797	12%	13%
<b>10</b>	216	3%	182	3%	3%
<b>Fjöldi</b>	7402		6704		
<b>Féllu</b>	1536	21%	1242	19%	20%
<b>Hættu</b>	595	8%	720	11%	10%
<b>Stóðust</b>	5271	71%	4742	71%	71%

## Brotthvarf

Fylgst er náið með brotthvarfi nemenda úr skólanum, en það er stór vandi. Brotthvarfið hefur verið viðvarandi á bilinu 13-14% á hverri önn. Á vorönn 2018 mældist brotthvarfið í dagskóla 16% sem er hæsta mælingin frá 2012. Í kvöldskólanum aftur á móti virðist brotthvarfið fara minnkandi á sama tíma og kvöldskólinn er að þróast í þá átt að verða fyrst og fremst verknámsskóli.

**Tafla 4. Brotthvarf nemenda í dagskóla vor og haust frá 2012**

Ár	Haut %	Vor %	Meðaltal
2012	12,63	13,7	13,17
2013	12,96	12,3	12,64
2014	12,4	15,9	13,51
2015	11,3	13,1	12,21
2016	13,06	16,7	14,86
2017	14,55	13	13,775
2018		16%	

**Tafla 5. Brotthvarf nemenda í kvöldskóla vor og haust frá 2012**

Ár	Haut %	Vor %	Meðaltal
2012	17,93	19,5	18,7
2013	17,76	18,4	18,09
2014	11,41	17,3	14,36
2015	18,03	9,69	13,86
2016	8,32	10,6	9,48
2017	11,31	9,36	10,34
2018		13%	

**Tafla 6. Skipting nemenda á námsbrautir dagskóla haust 2016 – vor 2018**

	2016H		2017V		2017H		2018V	
Námsbrautir	Kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk
Starfsbraut	25	19	24	18	26	17	27	15
Félagsvísindabraut	83	113	73	98	55	113	54	100
Hugvísindabraut	5	30	4	26	6	21	3	14
Náttúruvísindabraut	50	43	43	38	41	40	33	34
Íþróttabraut	61	25	52	24	46	28	42	20
Tölvubraut	71	10	59	8	82	8	61	7
Framhaldsskólabraut	40	28	37	23	48	33	36	21
Opin braut-Ótilgreind braut - Innflytjendabraut	16	31	19	33	33	51	39	57
Nám að loknu starfsnámi	10	7	13	8	6	6	6	5
Fata- og textílbaut	7	39	7	35	5	35	3	36
Myndlistabraut	49	113	40	96	40	111	37	96
Nýsköpunarbraut	2	1	2	1	13	1	11	1
Húsasmiðabraut	76	6	77	6	75	5	65	3
Rafvirkjabraut	90	6	80	7	87	9	100	10
Sjúkraliðabraut	2	64	0	69	1	66	2	51
Snyrtibraut	0	103	1	92	2	109	1	93
<b>Fjöldi</b>	<b>587</b>	<b>638</b>	<b>531</b>	<b>582</b>	<b>566</b>	<b>653</b>	<b>520</b>	<b>563</b>
<b>Kynjahlutfall</b>	<b>48%</b>	<b>52%</b>	<b>48%</b>	<b>52%</b>	<b>46%</b>	<b>54%</b>	<b>48%</b>	<b>52%</b>

**Tafla 7 . Skipting nemenda á námsbrautir kvöldskóla haust 2016-vor 2018**

	2016H		2017V		2017H		2018V	
Námsbrautir	Kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk
Húsasmiðabraut	57	5	92	2	86	4	106	6
Rafvirkjabraut	96	4	84	7	108	6	88	4
Sjúkraliðabraut	5	62	3	70	1	60	2	69
Nám að loknu starfsnámi	6	9	2	3	1		4	1
Ótilgreind braut	25	18	35	29	13	21	18	34
Fata- og textílbaut	0	0	0	0				
Myndlistabraut	0	0	0	0		1		1
Félagsvísindabraut	12	22	5	7		2	2	4
Hugvísindabraut	1	1	0	0				
Náttúruvísindabraut	3	0	2	2		1		
Íþróttabraut	0	0	0	0	1		1	
Snyrtibraut	0	3	0	1				
<b>Fjöldi</b>	<b>205</b>	<b>124</b>	<b>223</b>	<b>121</b>	<b>210</b>	<b>95</b>	<b>221</b>	<b>119</b>
<b>Kynjahlutfall</b>	<b>62%</b>	<b>38%</b>	<b>65%</b>	<b>35%</b>	<b>69%</b>	<b>31%</b>	<b>65%</b>	<b>35%</b>

## Lokaorð

Sjálfsmatsskýrsla skólans er í þróun og við erum enn að leita að heppilegu formi á sjálfsmati og framsetningu þess í skýrsluformi. Nýtilkomin lög um opinber fjármál gera að verkum að ástæða er til að endurhugsa samspil áætlanagerðar, stefnu ríkisaðila, ársskýrslu og sjálfsmats. Vonandi tekst að finna þessum verkefnum skýran farveg í samræðu milli framhaldsskólanna og mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Reykjavík, 15. október 2018

*Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir skólameistari*